



Reykjavík, 16. apríl 2024

MSS23050103

Borgarráð

Fyrirkomulag borgarþings varðandi stefnumótun um málefni barna á aldrinum 0-6 ára

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagt erindi formanns stýrihóps um stefnumótun í málefnum barna á aldrinum 0-6 ára, dags. 13. mars 2024, varðandi fyrirkomulag borgarþings sem haldið verður 8. júní 2024, varðandi stefnumótun um málefni barna á aldrinum 0-6 ára.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi formanns stýrihóps um stefnumótun í málefnum barna á aldrinum 0-6 ára, dags. 13. mars 2024



Reykjavík



Reykjavík, 20. mars 2024

MSS23050103

ÓM

Borgarráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 15.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Fyrirkomulag borgarþings varðandi stefnumótun um málefni barna á aldrinum 0-6 ára.

Lagt fram erindi formanns stýrihóps um stefnumótun í málefnum barna á aldrinum 0-6 ára, dags. 13. mars 2024, varðandi fyrirkomulag borgarþings varðandi stefnumótun um málefni barna á aldrinum 0-6 ára.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur mikilvægt að nægur tími verði gefinn til umræðu á þinginu og að borgarfulltrúar verði á staðnum til að hlusta á það sem kemur fram.

Bjarni Þóroddsson
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 13. mars 2024

MSS23050103

Forsætisnefnd

Fyrirkomulag borgarþings varðandi stefnumótun um málefni barna á aldrinum 0-6 ára.

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var samþykkt að stofna stýrihóp og aðgerðahóp um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík. Í erindisbréfi stýrihópsins er gert ráð fyrir að hann standi fyrir víðtæku samráði um stefnumótunina. Nú þegar hafa verið haldnir fundir með hagsmunaaðilum ásamt opnu samráði í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar til að varpa ljósi á núverandi stöðu og fá fram fjölbreytt sjónarmið um lausnir og tækifæri. Næstu skref í samráðsferlinu eru að efna til borgarþings.

Á fundi borgarstjórnar 18. apríl 2023 var jafnframt samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands: „Borgarstjórn samþykkir að halda borgarþing um leikskólamál og umönnun ungra barna. Rætt verði um hlutverk borgarinnar í þeim efnum sem og stöðu barna og barnafjölskyldna í Reykjavík.”

Umræður í bæði stýrihóp og aðgerðarhóp um stefnumótun um umhverfi og aðstæður 0-6 ára í Reykjavík hafa leitt í ljós að borgarþing, eins og því er lýst í samþykkt borgarstjórnar, væri kjörið til þess að skapa fjölbreyttan vettvang til umræðna um þau mikilvægu viðfangsefni sem tengjast umhverfi og aðstæðum barna.

Í samþykkt borgarstjórnar er sérstaklega vísað til leikaskólamála og umönnun ungra barna. Talið er að umfjöllun um þjónustu við 0-6 ára börn, aðstæður og umhverfi þeirra (svo sem græn svæði og leikvelli í hverfum), opna leikskóla, umönnunarbíl á milli fæðingarorlofs og leikskóla svo fátt eitt sé nefnt rúmist vel innan umfjöllun um bæði umönnun ungra barna og stöðu ungra barna og barnafjölskyldna í samþykktinni. Það er mat stýrihópsins að farsælt sé að gefa kost á breiðu viðfangsefni fundarins og ná fram umræðu á víðtækari grunni.

Í ljósi ofangreinds verður borgarþingið haldið á breiðari grunni og nær til umfjöllunar um þjónustu til barnafjölskyldna almennt. Á þeim nótum mætti bera upp spurningar til að fá afstöðu, m.a. um hvað sé jákvætt í þjónustu borgarinnar og hvað þurfi að bæta. Þá væri gagnlegt að fá umræðu um þróun þjónustu, m.a. með umræðu um lausnir sem hafa verið í umræðu eða teknar upp í öðrum sveitarfélögum

Fyrirkomulag:

Óskað er eftir að forsætisnefnd taki afstöðu til ofangreinds ásamt því að kynna sér eftirfarandi tillögu að fyrirkomulagi vegna framkvæmd borgarþings. Í framhaldinu færi vel á því að vísa málinu til meðferðar borgarráðs.

Markmið borgarþings



Reykjavík



1. Skapa vettvang sem hvetur til opinnar umræðu og skoðanaskipta um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára á milli íbúa og fagfólks.
2. Safna saman skoðunum og sjónarmiðum foreldra og annarra hagsmunaaðila um það hvernig megi bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.
3. Greina meginþemu og álitamál sem tengjast lífi barna og fjölskyldna til að unnt sé að skoða hvaða lausnir gætu mætt samfélagslegum þörfum.

Dagsetning og staðsetning:

1. Borgarþingið verður haldið laugardagsmorguninn 13. apríl 2024. Gert er ráð fyrir að fundurinn sé um tvær klukkustundir.
2. Tjarnasalur hefur verið valinn sem staðsetning þingsins, þar sem það býður upp á nægilegt pláss og gott aðgengi.
3. Kannað verður hvort hægt sé að bjóða upp á gjaldfrjáls bílastæði og gæslu barna á meðan á fundi stendur til að auðvelda foreldrum ungra barna þátttöku.

Þátttaka:

1. **Foreldrar:** Lögð var sérstök áhersla á þátttöku foreldra á borgarþingi í samþykkt borgarstjórnar: „Foreldrar ungra barna verði sérstaklega boðin velkomin á borgarþingið en það yrði jafnframt opið öllum sem hafa áhuga á málefninu.”
2. **Hagsmunasamtök:** Gert er ráð fyrir einum fulltrúa frá hverju hagsmunasamtökum sem talin hafa verið upp í hagsmunaskráningu. Hagsmunaaðilar fá sérstakt boð þar sem óskað verður eftir þátttöku.
3. **Þjónustuveitendur:** Gert er ráð fyrir að starfsfólk sem þjónustar hópinn eða vinnur að farsældarlögum sé boðið að taka þátt.
4. **Aðrir þátttakendur:** Þá er gert ráð fyrir að þingið sé opið öllum sem vilja mæta á meðan húsrúm leyfir - en þeir skuli skrá sig á borgarþingið á þar tilgerðri skráningu og þar með hafi allir sem hafa áhuga tækifæri til þátttöku.

Framkvæmd þingsins:

1. **Kynning:** Stutt kynning til að setja ramma um þingið og markmið þess.
2. **Hópskipting:** Þátttakendum skipt í hópa til að ræða tiltekin viðfangsefni.
3. **Umræðustjórar:** Gert er ráð fyrir að starfsfólk fái það hlutverk að vera borðstjóri sem leiðir umræðuna, tryggir að allir fái að tala og að haldið sé við efnið.
4. **Tímarammi:** Skýr tímarammi fyrir hvern hóp til að ræða og svo til að koma saman aftur sem stór hópur og deila hugmyndum.

Unnið verði í hópum með ákveðin þemu eða spurningar. Hvatt verður til opinnar umræðu og notkun á upphafspunktum í samtölum sem eru ekki of leiðandi.

Kynning:

Þingið verði auglýst og kynnt með það að markmiði að fá fulltrúa frá eftirfarandi hópum:

1. Foreldrar (með áherslu á fjölbreyttan hóp, þ.á m. erlenda uppruna og foreldra barna með sérþarfir).
2. Fagfólk / stjórnendur innan Reykjavíkurborgar (leikskólakennarar, barnavernd, velferðarþjónustuaðilar)
3. Fulltrúar atvinnurekenda og hagsmunasamtaka
4. Heilsugæslan





5. Fulltrúar foreldrafélaga

Stuðst verði við opnar auglýsingar ásamt auglýsingum samfélagsmiðla á mismunandi tungumálum. Boðskort verði sent til hagsmunaaðila.

Magnea Gná Jóhannsdóttir,
formaður stýrihóps um stefnumótun í málefnum barna á aldrinum 0-6 ára



Reykjavík